



Fundargerð stjórnar SSA

Fundur nr. **2** starfsárið 2011 - 2012

Fundur var haldinn í stjórn SSA þriðjud. 18. okt. 2011. Fundarstaður: Fróðleiksmolinn á Reyðarfirði. Hófst með hádegisverði á Fjarðahóтели, Reyðarf. kl. 12:00.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Jón Þórðarson, (vm. Arnbjargar Sveinsdóttur, sem boðaði forföll), Valdimar O. Hermannsson, Jón Björn Hákonarson, Unnur Björgvinsdóttir og Gauti Jóhannesson. Þórunn Egilsdóttir var í fjarfundasambandi á Vopnafirði. Auk þess sat fundinn Björn Hafþór Guðmundsson, frkvstj. SSA og ritaði hann fundargerð. Valdimar stýrði fundi.

1. Fundargerðir SSA og vegna ýmissa verkefna er tengjast starfi SSA:

- a) Stjórnarfundur 29. sept. 2011. Fundarg. lögð fram til kynningar.
- b) Stjórnarfundur 1. okt. 2011. Fundarg. lögð fram til kynningar.
- c) Framkvæmdaráðsfundur 11. okt. 2011. Fundargerðin staðfest, sbr. þó þá liði hennar, sem fjallað verður um og þeir afgr. undir dagskrárliðum 1 e) II) i) og ii) og 4 a).
- d) AST – vinnuhópur 7. okt. 2011 (sjá einnig hér að neðan undir 1 e) II) ii)
- e) Fundargerð og samþykktir aðalfundar SSA 30. sept. og 1. okt. 2011.
 - I) Meðferð samþykktanna. Farið var yfir málið, sem er í vinnslu.
 - II) Nefndaskipan o.fl. í samræmi við samþykktir um samstarfsverkefni:
 - i) Verkefnishópur um AST og val á verkefnisstjóra Ennfremur rædd fjármögnun starfs verkefnisstjóra. Við afgr. og umfj. á þessum lið lá einnig fyrir fundargerð fulltrúa stoðstofnana í AST 7. okt. 2011. Í þeirri fundargerð er m.a. fjallað um ráðningu verkefnisstjóra.

Samstaða er um að ráða í hið tímabundna starf verkefnisstjóra, án auglýsingar. Fulltrúar stoðstofnana mæla með ráðningu Stefaníu G. Kristinsdóttur í starfið úr hópi þeirra þriggja einstaklinga, sem til greina hafa komið í ljósi reynslu þeirra og þekkingar. Ekki er hins vegar gerð aths. við að stjórn SSA taki hina endanlegu ákv., enda liggur fyrir að SSA mun kosta verkið að stærstum eða öllum hluta. Er m.a. gert ráð fyrir því í endurskoðaðri fjárhagsáætlun SSA 2011.

Gert er ráð fyrir að ráðningartími verði 10 - 14 vikur, en eftir er að vinna að ákv. útfærsluatriðum, m.a. í samráði við þann sem ræðst til starfa verkefnisstjóra.

Framkvæmdaráð SSA mælir með að ráðinn verði verkefnisstjóri á grundvelli fastra einingaverða eða að ákv. hámarki á grundvelli verkáætlunar, sem skipt hefur verið niður í tímaferli og vinnustundafjölda í afmarkaða þætti og heildarfjölda í verkið allt. Þetta ferli verði á höndum framkvæmdanefndar í samráði við ráðinn verkefnisstjóra.

Borin upp tillaga um að stjórn SSA samþykki að gengið verði til samninga við Stefaníu G. Kristinsdóttur um að hún taki að sér starfið.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Því næst var tekin fyrir tillaga framkvæmdaráðs SSA, sem telur eðlilegt að því verði formlega falið af stjórn SSA að sitja í verkefnisstjórn.

Tillaga þar um borin upp og hún samþykkt samhljóða.

Auk þess var ákveðið að skipa eftirtalda fulltrúa af sveitarstjórnarvettvangi inn í ráðgjafarhóp(a), sem hafi það hlutverk að koma að vinnu verkefnisstjórnar á sérstökum samráðsfundum í vinnuferlinu:

Björn Ingimarsson og Páll Björgvin Guðmundsson.

Framkvæmdaráð SSA telur að vinna beri að því að skipan verkefnisstjórnar verði sem hér greinir:

Svið	Verkefn.stj. (fjöldi)
Sveitarstjórnarvettv.	3
Menningarmál	1
Þekkingargreinar	1
Atvinnuþr.mál	1
Ferða- og markaðsmál	1
Samtals:	7

Framkvæmdaráð SSA telur auk þess eðlilegt að úr verkefnisstjórn komi 2 menn í sérstaka framkvæmdanefnd, þar af annar frá SSA. Fulltrúi SSA í nefndinni verður Arnbjörg Sveinsdóttir. Auk þess sitji verkefnisstjóri í henni.

Þessi tillaga framkvæmdaráðsins staðfest af stjórn, en þó talið rétt að ganga endanlega frá málinu í samráði við aðra málsaðila í samræmi við ályktun seinasta aðalfundar SSA þar um.

Framkvæmdaráðið telur einnig heppilegt að skipaðir verði tveir ráðgjafarhópar (bakhópar) til viðbótar við verkefnisstjórn. Við skipan þeirra verði tekið mið af niðurst. í lokaskýrslu um AST verkefnið, en þar er m.a. reiknað með aðkomu tveggja fagraða að stjórnkerfi hinnar nýju stofnunar:

„Fagråd menntunar og rannsókna, fulltrúar: háskóla, framhaldsskóla, stéttarféлага, atvinnulífs og þekkingarstofnana. Ársfundur velur tvo fulltrúa í fagråd úr hópi stofnaðila sem falla ekki undir þessa aðila.

Fagråd atvinnuþróunar, menningar og markaðsmála, fulltrúar: Menningarráðs, Ferðamálasamtaka Austurlands, Samtaka atvinnulífsins (t.d. frá Útvegsmannafélagi Austurlands), Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Þróunarfélags Austurlands (aðkoma Byggðastofnunar í gegnum ÞFA). Ársfundur velur tvo fulltrúa í fagråd úr hópi stofnaðila sem falla ekki undir þessa aðila“.

Stjórn SSA veitir framkvæmdaráði SSA heimild til að ganga endanlega frá málinu í samráði við aðra málsaðila í samræmi við ályktun seinasta aðalfundar SSA þar um.

- ii) Samstarfsnefnd. Farið verður fram á tilnefningar frá sveitarstjórnnum.
- iii) Samgöngunefnd. Farið verður fram á tilnefningar frá sveitarstjórnnum.

2. Verkefni í gangi:

- a) Almenningsamgöngur á Austurlandi. Form. og frkvstj. kynntu fund með ráðgjafa, Smára Ólafssyni, í Reykjavík 12. okt. s.l.
- b) Fjárfestingaáætlun. Staða mála kynnt. Fljótlega munu skýrast „afdrif“ tillagna frá landshlutasamtökunum. Í framhaldi af umfjöllun um málið var tillaga um svohljóðandi bókun borin upp og hún samþykkt samhljóða:

„Með vísan til framsögu Héðins Unnsteinssonar fulltrúa forsætisráðuneytisins á nýlega afstöðnum aðalfundi SSA vill stjórn SSA leggja áherslu á að við gerð fjárfestingaáætlana fyrir landshluta verði viðhaft samráð við viðkomandi landshlutasamtök á öllum stigum ferilsins. Stjórnin telur það ekki til þess fallið að auka traust á verkefninu ef tillögur landshlutasamtaka eru teknar og metnar ýmist raunhæfar eða óraunhæfar, algjörlega án þess að um það sé haft samráð við þá sem gerðu tillögurnar. Því skorar stjórn SSA á forsætisráðuneytið að sjá til þess að samráði við landshlutasamtökin ljúki ekki við skil á tillögum heldur haldi áfram í gegnum alla vinnu við áætlunina“.

- c) Sóknaráætlanir landshluta (Ísland 20/20). Vinna hefur legið niðri, en reiknað er með að hún hefjist aftur af auknum þunga á næstunni.
- d) Kynntar tímasetningar samráðsfunda þingm. NA-kjd. með sveitarstjórnnum o.fl. á starfssv. SSA 24. og 25. okt.. Fyrirliggjandi dagskrá lá frammi til kynningar.

3. Frá landshlutasamtökum sveitarfélaga (LHSS):

- a) Stjórn Eyþings (224. fundur) 7. sept. 2011. Fundarg. lögð fram til kynningar.
- b) Ályktanir aðalfundar Eyþings 7. og 8. okt. 2011. Lagðar fram til kynningar.
- c) Ályktanir aðalf. SSV 30. sept. og 1. okt. 2011. Lagðar fram til kynningar.
- d) Kynnt bókun stjórnar SSVN frá 4. okt. 2011 um heilbrigðismál. Í framhaldi af því var tillaga um svohljóðandi bókun borin upp og samþykkt samhljóða:

Stjórn SSA lýsir yfir mikilli andstöðu við áframhaldandi niðurskurð á fjárframlögum til Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA), sem boðuð er í frumvarpi til fjárlaga árið 2012. Sá niðurskurður mun skerða heilbrigðisþjónustu á starfssvæði SSA og leiða til fækkunar starfa á því, einkum kvennastarfa, sem gengur þvert gegn hugmyndum ríkisstjórnarinnar um kynjaða hagstjórn. Niðurskurðurinn mun einnig rýra búsetuskilyrði á svæðinu stórlega og velta auknum kostnaði yfir á íbúa þess, sem sækja þurfa heilbrigðisþjónustu um langan veg, oftar en ekki út fyrir Austfirðingafjórðung.

Stjórnin varar sérstaklega við því að skert verði sú bráða- sérfræði- og fæðingþjónusta, sem nú er veitt í fjórðungnum.

Loks átelur stjórnin það samráðsleysi og þau vinnubrögð sem viðhöfð eru, þegar boðuð er grundvallarstefnubreyting á framkvæmd heilbrigðisþjónustu í landinu, um leið og minnt er á að slík vinnubrögð ganga þvert gegn lofordum um auknið samráð ríkisins við heimamenn, sem unnið er að undir merkjum Ísland 20/20.

- e) Ábending frkvstj. Fjórðungssambands Vestfirðinga um vinnu við svæðisskipulög. Samþykkt að vísa henni til samstarfsnefndar, sem kjósa á skv. samþykkt frá seinasta aðalfundi SSA.

4. Erindi og bréf:

- a) Fjarðabyggð 3. okt. 2011 v/ almenningsgangna. (Sjá lið 3 í fg. frkv.ráðs frá 11. okt. 2011). Viðfest fundargögn eru viðbrögð ráðgjafa SSA, Smára Ólafssonar hjá VSÓ við erindinu.
Með vísan til mats ráðgjafa SSA telur stjórnin ekki tímabært að afgr. erindið.
- b) Sveitarfél. Skagafjörður dags. 28. sept. 2011 varðandi skipan dómsstóla á LSB.
Lagt fram til kynningar.
- c) „IRR“. (Þorst. R. Herm.) dags. 23. sept. 2011 varðandi umhv.mat samg.áætl. Skilafrestur vegna athugasemda er 4. nóv. Stjórn SSA lítur svo á að einstök sveitarfélög á starfssvæðinu eigi þess kost að svara erindinu.



5. Kosningar / tilnefningar:

- a) Tíln. 1 aðalm. og 1 varam. í skn. ME, sbr. lið 4 í fg. frkv.ráðs SSA 7. okt.

Tillaga borin upp um eftirtalda og hún staðfest:

Aðalmaður: Sigurður Ragnarsson, Mánatröð 12, 700 - Egilsstöðum.

Varamaður: Gunnar Gunnarsson, Egilsstöðum í Fljótsdal, 701 – Egilsstöðum

6. Skýrsla formanns og framkvæmdastjóra:

- a) Fjármálaráðstefna sveitarfélaga og fundur forsvarsm. LHSS 12. okt. 2011.
b) Áform um fund með forstjóra Nýsköpunarmiðst. Íslands.
c)

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 14:40.

Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari.